

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2023, miðvikudaginn 13. desember var haldinn 419. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:10.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ. Sævar Birgisson Mosfellsbæ tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra og forstöðumanns dags. 12. des. 2023 varðandi kostnaðargreiningu, sem óskað var eftir á seinasta fundi samstarfsnefndarinnar, vegna bréfs SSH um erindi Skíðasambands Íslands um aðstöðu til æfinga og keppni í Skálafelli sbr. fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 418. fundi liður 3.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna samþykkir meðfylgjandi minnisblað.

Samstarfsnefndin hefur ekki fjármagn til að koma til móts við óskir Skíðasambands Íslands, samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og verður að koma til aukinnar fjárveitingar að upphæð 10.0 mkr. frá sveitarfélagunum til að koma til móts við óskir Skíðasambandsins.

Bjarni Theódór Bjarnason víkur af fundi undir þessum lið.

2. Lagt fram umboð þar sem fram kemur að Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna hafi fullt umboð til undirritunar leigusamninga um lóðirnar Bláfjallaleið 13, F252-2053 staðfanganr. STF1208286 og Bláfjallaleið 15, F252-2054 staðfanganr. STF1208297 f.h. skíðasvæðanna sem leigutaka.

Samstarfsnefndin samþykkir umboðið.

3. Forstöðumaður fór yfir stöðuna í fjöllumunum. Rætt um orkukostnað á skíðasvæðunum.

### Fundi slitið kl. 09:03

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen  
Sævar Birgisson  
Magnús Örn Guðmundsson

Bjarni Theódór Bjarnason  
Andri Steinn Hilmarsson